

AUGLÝSING

um fyrirvarssamning við Finnland.

Með orðsendingaskiptum hinn 12. og 14. júní 2017 var gengið frá fyrirvarssamningi milli Íslands og Finnlands. Þar er Finnlandi falin afgreiðsla umsókna um vegabréfsáritanir í tilteknum ríkjum þar sem Ísland er ekki sjálft með fyrirvar.

Samningurinn er gerður samkvæmt heimild í 10. mgr. 20. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 og öðlaðist gildi 15. júní 2017.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 14. júní 2024.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um fyrirvar í formi orðsendingaskipta
milli Íslands og Finnlands

A. Orðsending frá Íslandi

Tilv.: UTN17020172/31.L.001; 31.D.001

Utanríkisráðuneyti Íslands vottar utanríkisráðuneyti Finnlands virðingu sína og veitist sá heiður, með vísan til samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna, og í samræmi við 4. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (hér á eftir nefndar vegabréfsáritunarreglur), að leggja til að Lýðveldið Ísland og Lýðveldið Finnland geri með sér samning um fyrirvar vegna Schengen-vegabréfsáritana í samræmi við 8. gr. vegabréfsáritunarreglnanna.

Samningur þessi kemur í stað fyrri fyrirvarssamninga milli Íslands og Finnlands um vegabréfsáritanir sem gerðir voru með orðsendingaskiptum milli samningsaðila og telst slitið frá gildistökuþegi þessa samnings.

1. Umfang fyrirvars.

Finnland tekur að sér fyrirvar fyrir Ísland á eftirtöldum stöðum:

Kína	Hong Kong
Namibía	Windhoek
Perú	Lima
Túnis	Túnis
Rússland	Múrmansk
Mósambík	Mapútó

2. Gildissvið fyrirvars.

2.1. Fyrirvar skal fela í sér:

- upplýsingar til almennings, eftir því sem við á,
- viðtöku umsókna og, ef nauðsyn krefur, lífkennaupplýsinga í samræmi við gr. 8.1 í vegabréfsáritunarreglunum,
- meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og útgáfu vegabréfsáritana í samræmi við gr. 8.1 í vegabréfsáritunarreglunum,
- synjun um vegabréfsáritanir í kjölfar meðferðar umsókna í samræmi við d-lið gr. 8.4, sbr. 32. gr. vegabréfsáritunarreglnanna,
- kærur í samræmi við gr. 32.3 í vegabréfsáritunarreglunum.

2.2. Óheimilt er að gefa út vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði (VLTV) án heimildar stjórnvalda þess lands sem nýtur fyrirvars. Þetta á þó ekki við ef takmörkunin kemur eingöngu til vegna þess að Schengen-aðildarríkin hafa ekki öll viðurkennt ferðaskilríkin, sbr. vegabréfsáritunarreglurnar, nema það sé landið sem nýtur fyrirvars sem viðurkennir ekki ferðaskilríkin.

3. Skilyrði varðandi fyrirvar.

3.1. Innheimta skal gjöld fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir í samræmi við vegabréfsáritunarreglurnar. Landið sem veitir fyrirvar á rétt á öllum gjöldum fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir. Þar fyrir utan mun landið sem nýtur fyrirvars ekki veita landinu sem veitir fyrirvar neina uppbótargreiðslu fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir.

- 3.2. Landinu sem veitir fyrirvar er heimilt að festa vegabréfsáritanir á öll ferðaskilríki sem bæði finnsk og íslensk stjórnvöld viðurkenna.
 - 3.3. Þýða ætti fylgiskjöl með umsókn um vegabréfsáritun, ef nauðsyn krefur, á eitt af þeim vinnutungumálum sem sendiskrifstofan, sem gefur vegabréfsáritunina út, notar. Umsækjendur um vegabréfsáritun skulu standa straum af kostnaði við þýðinguna.
 - 3.4. Ef fram koma spurningar, einkum í tengslum við boðsaðila eða ábyrgðaraðila, er sendiskrifstofu landsins sem veitir fyrirvar heimilt að hafa samband við miðlægan tengilið landsins sem nýtur fyrirvars og/eða tengilið þess á staðnum. Skrá yfir tengiliði má finna í 1. viðauka. Berist ekki svar innan sjö almanaksdaga má sendiskrifstofa landsins sem veitir fyrirvar gera ráð fyrir því að landið sem nýtur fyrirvars andmæli ekki útgáfu vegabréfsáritunarinnar.
 - 3.5. Í þeim tilvikum þar sem ríkisfang krefst samráðs mun landið, sem veitir fyrirvar, annast samráðið.
 - 3.6. Erlenda sendiskrifstofan skal skoða, í samræmi við almenna starfshætti sína og á sama grundvelli og tíðkast gagnvart aðilum í sambærilegum flokki hjá henni, hvort umsækjendur eigi rétt á að njóta flýtimeðferðar. Flýtimeðferð getur varðað aðgang til að leggja fram umsóknir, gildistíma ákvörðunar, mildari kröfur vegna fylgiskjala (í samræmi við samþykktar skrár innan ramma staðbundins Schengen-samstarfs) og útgáfu vegabréfsáritana sem gilda fyrir fleiri en eina komu með gildistíma frá sex mánuðum til fimm ára.
 - 3.7. Landið sem nýtur fyrirvars getur beðið erlendu sendiskrifstofunnar sem veita fyrirvar um að beita einfaldaðri málsmeðferð fyrir áreiðanlega umsækjendur og viðurkennda aðila varðandi framvísun fylgiskjala, þrátt fyrir ákvæðin sem sett eru fram í gr. 14.1 í vegabréfsáritunarreglunum, í samræmi við gr. 14.6.
 - 3.8. Landinu sem veitir fyrirvar er heimilt að eiga samstarf við utanaðkomandi þjónustuaðila á fleiri en einum stað, í samræmi við og að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í gr. 8.9 í vegabréfsáritunarreglunum. Landið sem veitir fyrirvar upplýsir landið sem nýtur fyrirvars ef um er að ræða skipulagt samstarf við utanaðkomandi þjónustuaðila sem hefur áhrif á samninga um fyrirvar.
 - 3.9. Senda skal tölfraðilegar upplýsingar er varða útgefnar vegabréfsáritanir árlega og fyrir næstliðið ár ætti að leggja þær fram í febrúar á næsta ári á eftir.
 - 3.10. Samþykkja má með óformlegum hætti hagnýt skilyrði varðandi framkvæmd samnings þessa. Skrá yfir tengiliði fylgir með sem 1. viðauki.
4. Lokaákvæði.
 - 4.1. Samningur þessi er gerður til ótiltekins tíma og öðlast gildi 15. júní 2017. Fresta má beitingu samnings þessa í heild eða að hluta eða segja honum upp hvenær sem er með orðsendingaskiptum og tekur það gildi þrjátíu (30) dögum eftir móttöku slíkrar tilkynningar.

Fallist utanríkisráðuneyti Finnlands á framangreint veitist utanríkisráðuneyti Íslands sá heiður að leggja til að orðsending þessi og svar utanríkisráðuneytis Finnlands verði ígildi samnings milli ráðuneytanna tveggja.

Utanríkisráðuneyti Íslands notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneyti Finnlands enn á ný um fyllstu virðingu sína.

Utanríkisráðuneytinu

Reykjavík, 12. júní 2017

Utanríkisráðuneyti Finnlands

HELSINKI

B. Orðsending frá Finnlandi

Utanríkisráðuneytið vottar utanríkisráðuneyti Íslands virðingu sína og veitist sá heiður að staðfesta móttöku orðsendingarinnar frá 12. júní 2017 sem ber númerið: UTN17020172/31.L.001;31.D.001.

Utanríkisráðuneytið vill staðfesta að gildissvið fyrirkomulags milli Íslands og Finnlands varðandi fyrirvar vegna vegabréfsáritana mun breytast. Nýr staður, Mapútó í Mósambík, mun falla undir nýja fyrirkomulagið þar sem Finnland mun fara með fyrirvar fyrir Ísland. Í nýja samningnum er einnig mgr. 2.1 þar sem fram kemur að Finnland muni leggja fram synjanir fyrir hönd Íslands án samráðs við stjórnvöld á Íslandi. Nýi samningurinn öðlast gildi 15. júní 2017.

Utanríkisráðuneytið notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneyti Íslands enn á ný um fyllstu virðingu sína.

Helsinki, 14. júní 2017

Utanríkisráðuneyti Íslands

I. VIÐAUKI

Viðkomandi finnsk stjórnvöld:

Tengiliðir í finnska utanríkisráðuneytinu: Visa and Passport Unit
Merikasarminkatu 5 F
00160 Helsinki
PI 176
00023 Government
Yfirmaður Schengen-vegabréfsáritana: +358 295 350000
Tölvupóstfang fyrir deild vegabréfsáritana: Viisumiasiat.UM@formin.fi

Hong Kong
Sendiráð Finnlands, Hong Kong, s. +852 2525 5385
Tölvupóstfang sanomat.hng@formin.fi <http://www.finland.org.hk>

Namibía
Sendiráð Finnlands, Winhoek s. +264 61 221355
Tölvupóstfang: sanomat.win@formin.fi <http://www.finland.org.na>

Perú
Sendiráð Finnlands, Lima, s.: +511 222 4466
Tölvupóstfang: sanomat.lim@formin.fi <http://www.finlandia.org.pe>

Túnis
Sendiráð Finnlands, Túnis, s.: +216 7186 17 77
Tölvupóstfang: sanomat.tun@formin.fi <http://www.finlandtunis.org>

AGREEMENT
on Visa Representation in the form of an Exchange of Notes
between Iceland and Finland

A. Note verbal from Iceland

Ref.: UTN17020172/31.L.001; 31.D.001

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland presents its compliments to the Ministry for Foreign Affairs of Finland, and with reference to the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis and in compliance with Article 8, paragraph (4) of the Regulation (EC) No 810/2009 of the European Parliament and of the Council of 13 July 2009 establishing a Community Code on Visas (hereinafter; Visa Code), has the honour to propose that the Republic of Iceland and the Republic of Finland enter into an agreement on Schengen visa representation in accordance with Article 8 of the Visa Code.

This agreement shall supersede the earlier visa representation agreements between Iceland and Finland, established by exchange of verbal notes between the parties to the agreements, which shall be considered as terminated from the date of entering into force of this agreement.

1. Extent of the representation

Finland represents Iceland in the following locations:

China	Hong Kong
Namibia	Windhoek
Peru	Lima
Tunisia	Tunis
Russia	Murmansk
Mozambique	Maputo

2. Scope of representation

2.1. The representation shall include:

- Information to the public where appropriate
- The collection of applications and, if necessary, of biometric data in accordance with Article 8.1. of the Visa Code;
- The examination of visa applications and the issuing of visas in accordance with Article 8.1. of the Visa Code;
- Refusal of visas after examination of the application in accordance with Article 8.4. (d), cf. art. 32, of the Visa Code;
- Appeals being conducted in conformity with Article 32.3 of the Visa Code.

2.2. No visa with limited territorial validity (VLTV) can be issued without authorization from the represented country's authorities. However, this does not apply, if the limitation is solely due to the fact, that not all Schengen Member States recognize the travel document; cf. the Visa Code, unless it is the represented country, that does not recognize the travel document.

3. Conditions of representation

3.1. Fees for the visa applications are to be charged in accordance with the Visa Code. The representing country is entitled to all visa fees. Besides from that the represented country will not give any financial compensation to the representing country for handling the visa applications.

3.2. The representing country shall be authorized to affix visas to all travel documents recognized by both Finnish and Icelandic authorities.

- 3.3. Supporting documents for the visa application, if necessary, should be translated into one of the working languages used by the issuing Mission. Costs of the translation will be covered by the visa applicants.
- 3.4. In the event of questions, in particular related to the inviting party or sponsor, the representing country's Mission may contact the central and/ or local contact point of the represented country. A list of contact points can be found in Annex 1. If an answer is not provided within seven calendar days, the representing country's Mission may assume, that the represented country does not object to the visa being issued.
- 3.5. For nationalities for which consultation is required, the consultation will be executed by the representing country.
- 3.6. In line with the general practice of the Foreign Mission and on equal terms as the practice toward parties in its own similar category, the Foreign Mission shall consider if applicants are eligible to benefit from facilitated procedure. Facilitation may relate to the provision of access for submission of applications, the duration of a decision, leniency concerning supporting documents (in accordance with the approved lists in the framework of the Local Schengen co-operation) and the issuance of multiple entry visa with a period of validity ranging from six months to five years.
- 3.7. The represented country may ask the representing Foreign Missions to apply a simplified procedure for "bona fide" applicants and accredited bodies regarding the presentation of supporting documents, by way of derogation from the provisions set out in Article 14.1 of the Visa Code, in accordance with Article 14.6.
- 3.8. The representing country may work with an external service provider at one or more locations, in accordance with and under the conditions stipulated by Visa Code Article 8.9. The representing country informs the represented country in case of planned cooperation with an external service provider where representing agreements are affected.
- 3.9. Statistics concerning visas issued in representation shall be sent on a yearly basis and, for the past year, should be provided in February the following year.
- 3.10. Further practical conditions of implementation of this agreement may be agreed upon informally. A list of contact points is attached as Annex 1.

4. Final clauses

- 4.1. This agreement is concluded for an unlimited period of time and enters into force on June 15th 2017. The application of this agreement may be suspended wholly or partly, or terminated at any time by the exchange of verbal notes and is effective thirty (30) days from the date of receipt of such notification.

If the foregoing is acceptable to the Ministry for Foreign Affairs of Finland, the Ministry for Foreign Affairs of Iceland has the honour to suggest, that the present verbal note and reply from the Ministry for Foreign Affairs of Finland shall constitute an agreement between the two ministries.

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland avails itself of the opportunity to renew to the Ministry for Foreign Affairs of Finland the assurances of its highest consideration.

Ministry for Foreign Affairs

Reykjavik, 12 June 2017

The Ministry for Foreign Affairs of Finland

HELSINKI

B. Note verbal from Finland

The Ministry for Foreign Affairs present their compliments to the Ministry for Foreign Affairs of Iceland and have the honour to acknowledge the receipt of the Verbal Note of June 12th, 2017, number: UTN17020172/31.L.001;31.D.001.

The Ministry for Foreign Affairs wishes to confirm that the scope of the visa representation arrangement between Iceland and Finland will change. The new arrangement will include a new location, Maputo, Mozambique, where Finland shall represent Iceland. The new agreement consists also paragraph 2.1, where it is mentioned that Finland will make the refusals in behalf of Iceland without consulting authorities in Iceland. The new agreement enters into force June 15th, 2017.

The Ministry for Foreign Affairs avail themselves of this opportunity to renew to the Ministry for Foreign Affairs of Iceland the assurance of their highest consideration.

Helsinki, June 14th, 2017

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland

ANNEX I

Relevant Finnish Authorities:

Contact points in the Finnish Ministry for Foreign Affairs: Visa and Passport Unit

Merikasarminkatu 5 F

00160 Helsinki

PI 176

00023 Government

Executive officer Schengen visas: + 358 295 350000

E-mail address to Visa Unit: Viisumiasiat.UM@formin.fi

Hong Kong

Embassy of Finland, Hong Kong Tel. +852-2525 5385

E-mail sanomat.hng@formin.fi <http://www.finland.org.hk>

Namibia

Embassy of Finland, Winhoek Tel.+264-61-221355

E-mail: sanomat.win@formin.fi <http://www.finland.org.na>

Peru

Embassy of Finland, Lima Tel.: +511 222 4466

E-Mail: sanomat.lim@formin.fi <http://www.finlandia.org.pe>

Tunisia

Embassy of Finland, Tunis Tel.: +216 7186 17 77

E-Mail: sanomat.tun@formin.fi <http://www.finlandtunis.org>